

# SAMFÉLAGSSÁTTMÁLI UM FISKELDI Á VESTFJÖRÐUM

Vestfjörðum 15. júlí 2021

## Samfélagssáttmáli um fiskeldi á Vestfjörðum

Tilgangur þessa sáttmála er að standa sameiginlega að hagsmunagæslu í fiskeldi og tengdum atvinnugreinum á Vestfjörðum með það að markmiði að efla atvinnulíf og mannlif með heildarhagsmuni Vestfjarða að leiðarljósi.

Sameiginlegt markmið sveitarfélaga er að auðlindagjöld sem skapast í fiskeldi á Vestfjörðum renni til sveitarfélaganna og unnið verði hratt að því að grunninnviðir Vestfjarða svari kröfum atvinnulífs og samfélaganna.


Samfélagssáttmálinn tekur á stefnumótun og lagaumgjörð atvinnugreinarinnar, samstarfi hafna, gjaldtöku ríkis og sveitarfélaga og eflingu tekjustofna sveitarfélaganna. Sérstök áhersla verði í upphafi lögð á breytingar á lögum varðandi gjaldtöku af fiskeldi og tengingu við tekjustofna sveitarfélaga.

Leiðarljós sáttmálans eru sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð, í því felst að efla þekkingu á fiskeldi, efla þekkingu á umhverfisþáttum og vinna samkvæmt bestu stöðlum um sjálfbærni. Sveitarfélögin eru sammála um að efla samtal við fiskeldisfyrirtæki um sameiginlega framtíðarsýn á Vestfjörðum um þróun atvinnugreinarinnar í sátt við umhverfi og samfélag.

Sáttmálanum fylgir skilgreining lykilhugtaka og drög að aðgerðaáætlun.



# SAMFÉLAGSSÁTTMÁLI UM FISKELDI Á VESTFJÖRÐUM



## AÐGERÐARÁÆTLUN

- ⟩ Vinna að því að gjaldtaka í fiskeldi renni til sveitarfélaganna þar sem fiskeldið er stundað.
- ⟩ Greina möguleika varðandi samstarf sveitarfélaga um hagsmunagæslu í fiskeldi.
- ⟩ Vakta breytingar á lögum varðandi fiskeldi og greina heildaráhrif á Vestfjörðum.
- ⟩ Koma á samráðsvettvangi sveitarfélaga og fiskeldisfyrirtækja á Vestfjörðum.
- ⟩ Móta aðkomu ríkis að samfélagssáttmála.





**Vestfjarðastofa**